



Gistinóttum erlendra ferðamanna fækkaði um 3,3% á síðasta ári

Gistinóttum erlendra ferðamanna á skráðum og óskráðum gístistöðum fækkaði um 3,3% á síðasta ári samkvæmt mati Hagstofunnar. Fækkunin er fyrst og fremst rakin til færri gistinátta í Airbnb. Ef ekki hefði komið til fækkun þar hefði fækkun gistinátta í heild mælst 1,3%.


Gistinóttum á hótélum fjölgar

Gistinóttum erlendra ferðamanna fækkaði í flestum gistiformum. Mest í Airbnb eða 11,1%. Næstmest var hún hjá gistiheimilum, 6,1% en þar á eftir kom annars konar gisting með 4,6%. Gisting á hótélum skar sig nokkuð úr en þar fjölgaði gistinóttum um 1,7% milli ára. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna dróst saman um 14,2% milli ára. Meiri fækkun í komum þeirra en gistinóttum bendir til þess að dvalarlengd þeirra hafi aukist á milli ára. Þessi aukna dvalarlengd hefur verið rakin til brotthvarfs WOW air. Félagið fór í þrot í lok mars í fyrra en í næsta mánuði á eftir, apríl, jókst dvalarlengd erlendra ferðamanna mikið á 12 mánaða grundvelli og hélt hún áfram að aukast verulega það sem eftir lifði árs. Kannanir sýndu að dvalarlengd þeirra ferðamanna sem komu með WOW air væri almennt styttri en ferðamanna sem komu með öðrum flugfélögum. Þessar tölur styðja niðurstöður þeirra kannana. Brotthvarf WOW air hafði því ekki eins mikil áhrif á gistigeirann og ætla hefði mátt í fyrstu.

Gistinóttum í Airbnb fækkaði langmest á suðvesturhorninu

Þróun í fjölda gistinátta erlendra ferðamanna í Airbnb á síðasta ári var mjög breytileg eftir landsvæðum. Langmesta fækkunin hlutfallslega séð var á Suðvesturhorninu. Þannig fækkaði gistinóttum um 18,6% á höfuðborgarsvæðinu en öllu meira, eða 23%, á Suðurnesjum. Mesta fækkunin þar á eftir var töluvert minni en fækkunin mældist 2,9% á Suðurlandi og 0,7% á Norðurlandi eystra. Á öðrum svæðum fjölgaði gistinóttum í Airbnb. Fjölgunin var mest á Austurlandi, 8,5% en næstmest á

Breyting í gistinóttum milli 2018 og 2019





Vesturlandi, 6,2% og þriðja mest á Norðurlandi vestra. Á þeim svæðum þar sem fjölgun mældist var hún minnst á Vestfjörðum eða 2,9%.

Færsla á gistingu frá Airbnb yfir í hótél

Þróunin í gistingu erlendra ferðamanna á hótélum er töluvert frábrugðin þeirri sem var í Airbnb. Þannig fjölgaði gistingu á hótélum á sumum svæðum en fækkaði í Airbnb eða öfugt. Eitt öfgakenndasta dæmið eru Suðurnes en þar fjölgaði gistingu ferðamanna á hótélum um 31% en á sama tíma fækkaði gistingu í Airbnb um 23%. Þessi þróun bendir til þess að gistingu hafi verið að færast frá Airbnb og yfir í hótél á þessu svæði. Annað svæði þar sem svipuð þróunin var uppi á teningnum, þ.e. fjölgun gistingu á hótélum en fækkun á gistingu í Airbnb var Suðurland. Þróunin var þó engan veginn jafn afdráttarlaus en gistingu á hótélum fjölgaði þar um 0,4% en fækkaði um 2,9% í Airbnb.


Sumstaðar fjölgun gistingu í bæði Airbnb og hótélum

Á þremur svæðum af 6 var þróunin í sömu átt þ.e. formerkið á vextinum var það sama í annars vegar hótélgistingu og hins vegar Airbnb. Þau svæði þar sem mældist aukning í báðum gistinguformum voru Austurland og Norðurland. Aukningin í hótélgistingu á Austurlandi var 17,7% en 8,5% í Airbnb. Á Norðurlandi fjölgaði gistingu á hótélum um 8,9% á hótélum en 0,6% í Airbnb. Á höfuðborgarsvæðinu mældist 2,1% fækkun gistingu á hótélum og 18,6% fækkun á gistingu í Airbnb. Á höfuðborgarsvæðinu var formerkið því neikvætt í báðum tilfellum.

Færsla frá hótélum til Airbnb á Vesturlandi og Vestfirðum

Á einu svæði af þessum 6 fækkaði gistingu á hótélum en fjölgaði í Airbnb en þetta eru Vesturland og Vestfirðir. Aukningin í Airbnb gistingu nam 5,4% en 4,2% samdráttur var í hótélgistingu.

Breyting í fjölda gistingu milli 2018 og 2019



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.